

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. desember 2008 02-2008120302  
G-ums 02/08

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 136/431**  
**komudagur 11.12.2008**

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988,  
um virðisaukaskatts, með síðari breytingum - 211. mál, þskj. 284.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 10. desember 2008 móttengið tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem embættinu er veittur kostur á að gera athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 211. mál, þskj. 284.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Annars vegar að í bráðabirgðaákvæði verði kveðið á um að á gjalddaga uppgjörstímabils september og október 2008 verði heimilt að færa innskatt allan virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilsins þrátt fyrir að eingöngu hluti af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað. Hins vegar að fyrirtæki geti fengið heimild til að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur.

Ríkisskattstjóri telur ástæðu til að áréttað verði sérstaklega í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins að breytingunum sé einkum ætlað að ná til fyrirtækja í framleiðslustarfsemi, t.d. fyrirtækja í matvælaíðnaði samanber orðin „vegna framleiðslu eða aðvinnslu“, en ekki fyrirtæki í öðrum rekstri svo sem hótélrekstri. Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggertsson

  
Guðrún J. Jónsdóttir